

Forsætisnefnd

Endurskoðun á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Vísað er að nýju til bréfs skrifstofu borgarstjórnar dags. 12. júní sl varðandi sama mál og bréfs 29. maí sl. þar sem fram kemur að á fundi borgarstjórnar 20. febrúar sl. voru samþykktar ellefu tillögur um skipulag stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, sem höfðu það að meginmarkmiði að einfalda, skýra og skerpa stjórnarhætti Reykjavíkurborgar. Í tillögu sem var merkt númer 8 kom fram að á innleiðingartíma breytinganna verði unnið að viðeigandi breytingum á samþykktum Reykjavíkurborgar og þær lagðar fyrir borgarstjórn til samþykktar tímanlega fyrir gildistöku breytinganna 1. júní nk.

Fyrri umræða um endurskoðaða samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar ásamt uppfærðum viðaukum fór fram á fundi borgarstjórnar 12. júní sl. og var henni vísað til síðari umræðu. Óskað er eftir því að forsætisnefnd láti síðari umræðu fara fram á fundi borgarstjórnar 1. október nk.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar - endurskoðuð

Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar - endurskoðuð, með merktum breytingum

Viðaukar við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

SAMÞYKKT

um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

I. KAFLI

Um skipan borgarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Skipan borgarstjórnar.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð tuttugu og þremur borgarfulltrúum sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Reykjavíkurborg er sjálfstætt stjórnvald sem stjórnað er af lýðræðislega kjörinni borgarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Reykjavíkurborg annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá því ráðuneyti sem fer með málefni sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Reykjavíkurborg er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa hennar, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um borgarstjórn.

4. gr.

Hlutverk borgarstjórnar.

Borgarstjórn fer með stjórn Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum, ákvæðum annarra laga og samþykkt þessari.

Borgarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna Reykjavíkurborgar.

5. gr.

Verkefni borgarstjórnar.

Meðal verkefna borgarstjórnar er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að viðeigandi reglum sé fylgt í störfum Reykjavíkurborgar.
2. Að kjósa forseta og fjóra varaforseta borgarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, borgarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir, sbr. V. kafla sveitarstjórnarlaga, skipa í endurskoðunarnefnd og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyirtæki sem annast skal endurskoðun hjá Reykjavíkurborg, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja borgarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan Reykjavíkurborgar, ráða eða kjósa borgarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar, deilda og stofnana, setja starfsemi Reykjavíkurborgar reglur og setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.

6. Að fara með fjárstjórnarvald Reykjavíkurborgar, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum Reykjavíkurborgar, stofnana hennar og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar, og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar borgarinnar til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum Reykjavíkurborgar og þeim sem njóta þjónustu hennar upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný borgarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin borgarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfaramandi borgarstjórn umboði sínu með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin borgarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni borgarstjórnarinnar eða Reykjavíkurborgar eftir að hún tekur við störfum.

Sá borgarfulltrúi í nýkjörinni borgarstjórn sem á að baki lengsta setu í borgarstjórn boðar til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í borgarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund borgarstjórnar skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta, varaforseta og skrifara.

Á fyrsta fundi kýs borgarstjórn forseta borgarstjórnar og fjóra varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs og síðan í júní ár hvert. Fyrsti, annar, þriðji og fjórði varaforseti gegna, í þeirri röð, störfum forseta í forföllum hans.

Njóti forseti eða varaforsetar ekki lengur stuðnings borgarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforsetar forfallast varanlega eða fá lausn frá störfum. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst réttkjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta borgarstjórnar. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá borgarfulltrúi réttkjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja borgarfulltrúa sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hveftra tveggja verður kosið. Verður þá sá réttkjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta borgarstjórnar skal hann stjórna kjöri fjögurra varaforseta borgarstjórnar með hlutfallskosningu.

Borgarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði þá er atkvæðagreiðslur fara fram og bera ábyrgð á frágangi fundargerða með forseta borgarstjórnar.

Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi borgarstjórnar gegnir starfsaldursforseti forsetastörfum nema borgarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra á þeim fundi.

III. KAFLI

Fundir borgarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir borgarstjórnar.

Borgarstjórn heldur reglulega fundi í Ráðhúsi Reykjavíkur tvisvar í mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 14:00. Borgarstjóri, forseti borgarstjórnar eða borgarstjórn geta ákveðið annan fundarstað.

Aukafundi skal halda þegar forseti borgarstjórnar eða borgarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur borgarfulltrúa óskar þess.

Borgarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta borgarstjórnarfundi á undan.

Borgarstjórn er heimilt að fella niður fundi í allt að tvo mánuði samfelld að sumarlagi. Á meðan á sumarleyfi borgarstjórnar stendur fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur.

9. gr.

Boðun borgarstjórnarfunda.

Forseti borgarstjórnar boðar til borgarstjórnarfundar.

Fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum skal berast borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um berst forseta borgarstjórnar. Ósk um aukafund skulu fylgja öll gögn sem leggja á fyrir fundinn. Fundarboð vegna aukafundar ásamt dagskrá og fylgigögnum skal berast borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sólarhring áður en fundur hefst.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að borgarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda fundarboð og gögn með rafrænum hætti.

10. gr.

Dagskrá borgarstjórnarfundar.

Forseti borgarstjórnar semur dagskrá borgarstjórnarfundar í samráði við borgarstjóra og forsætisnefnd og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá borgarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta borgarstjórnar og fjögurra varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar, svo og kosningu eða ráðningu borgarstjóra og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinna nefnda og ráða; forsætisnefndar, menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs, skóla- og frístundaráðs, skipulags- og samgönguráðs, umhverfis- og heilbrigðisráðs, og velferðarráðs.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan, og þarfnast staðfestingar borgarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Önnur mál sem falla undir verksvið borgarstjórnar og forsætisnefnd, borgarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða borgarfulltrúi óskar eftir að verði tekin á dagskrá.

Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna forsætisnefnd það skriflega fyrir kl. 11:00 á föstudegi fyrir reglulegan fund borgarstjórnar.

Þegar óskað er eftir því að tillaga verði tekin á dagskrá skal senda hana forsætisnefnd ásamt heiti tillögunnar. Hið sama gildir um heiti umræðna.

Þegar kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar eru á dagskrá borgarstjórnar, skal senda forsætisnefnd upplýsingar um nöfn þeirra sem lagt er til að taki sæti.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi borgarstjórnar.

Auglýsa skal fundi borgarstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur og á vef Reykjavíkurborgar með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og tilgreina þar dagskrá fundar. Öll fylgigögn skulu jafnframt birt á vef Reykjavíkurborgar.

Heimilt er að fella niður auglýsingu samkvæmt þessari grein ef aukafundur er boðaður með svo naumum fyrirvara að slíku verði ekki við komið eða hafa skemmri fyrirvara en segir í 1. mgr.

12. gr.

Opnir fundir borgarstjórnar.

Fundir borgarstjórnar eru opnir en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti eða borgarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn Reykjavíkurborgar séu viðstaddir.

Óheimilt er að greina opinberlega frá umræðum á lokuðum fundi borgarstjórnar.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Borgarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur borgarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á borgarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Tvær umræður í borgarstjórn.

Borgarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til Reykjavíkurborgar í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal borgarstjórn hafa tvær umræður með a.m.k. tveggja vikna millibili um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

15. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er fundarritari borgarstjórnar og sér um færslur gerðabókar og hafa skrifarar, í samráði við forseta, eftirlit með að rétt sé fært til bókar. Fundargerðir eru skráðar í tölvur, lesnar upp í fundarlok og undirritaðar af forseta borgarstjórnar og skrifurum.

Að öðru leyti fer um ritun fundargerða borgarstjórnar samkvæmt leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

16. gr.

Fundarstjórn.

Forseti borgarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar í gerðabók og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum borgarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarstjórnar.

17. gr.

Vald forseta.

Skylt er borgarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.

Ef borgarfulltrúi ber aðra menn brigsjum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef borgarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við borgarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef borgarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði borgarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

Ef áheyrandi á borgarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti látið vísa honum út.

Leyfi forseta þarf til myndatöku í fundarsal borgarstjórnar.

18. gr.

Afgreiðsla mála.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema borgarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt þess sé ekki getið í fundarboði, enda samþykki $\frac{2}{3}$ viðstaddra borgarfulltrúa þau afbrigði.

19. gr.

Málfrelsi borgarstjóra o.fl.

Borgarstjóri skal sitja fundi borgarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í borgarstjórn.

Borgarstjórn getur heimilað að maður utan borgarstjórnar taki til máls á borgarstjórnarfundi ef $\frac{2}{3}$ borgarfulltrúa samþykkja það.

20. gr.

Málfrelsi.

Borgarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum borgarstjórnar.

Hver borgarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða borgarstjóra eða framsögumann svo og borgarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Borgarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað. Borgarfulltrúar skulu þó að jafnaði veita andsvör og gera stuttar athugasemdir úr sæti sínu.

21. gr.

Ávarp ræðumanns.

Borgarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta borgarstjórnar.

Ræðumaður skal ávarpa einstaka borgarfulltrúa með fullu nafni og titlinum borgarfulltrúi.

Þegar fundargerð er til umræðu skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar eftir að ræða.

Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.

22. gr.

Hve oft má tala.

Borgarfulltrúar mega tala þrisvar við hverja umræðu máls.

Borgarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli. Forseti getur heimilað borgarfulltrúa að gera stutta athugasemd oftari en einu sinni undir hverjum dagskrárlið sé um að ræða athugasemd um fundarsköp, fundarstjórn forseta eða ef borgarfulltrúi hyggst bera af sér ámæli. Borgarstjóri hefur óbundið málfrelsi og getur því tekið til máls oftari en þrisvar.

23. gr.

Ræðutími.

Við umræðu um mál skv. 4. tölul. 2. mgr. 10. gr. má ræðutími í fyrstu ræðu vera allt að tíu mínútur. Ræðutími í seinni ræðum má vera allt að fimm mínútur. Hið sama gildir um ræður borgarstjóra. Við umræður um önnur mál, fundargerðir skv. 2. tölul. 2. mgr. 10. gr. og við umræður utan dagskrár er ræðutími takmarkaður við fimm mínútur.

Ræðutími borgarfulltrúa sem óskar eftir að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli má vera allt að einni mínútu. Forseti getur þó heimilað lengri ræðutíma við umræður um fundarsköp eða fundarstjórn forseta.

Forseta er heimilt að rýmka ræðutíma sé mál það umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma borgarfulltrúa ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst.

Við síðari umræðu um fjárhagsáætlun og aðalskipulag Reykjavíkur skal ræðutími vera óbundinn.

24. gr.

Andsvar.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. getur forseti leyft borgarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki annarri ræðu eða öðru andsvari.

Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Svári ræðumaður andsvari er þeim sem andsvar veitti heimilt að veita andsvar öðru sinni og er ræðumanni jafnframt heimilt að svara því andsvari. Veitti fleiri en einn borgarfulltrúi andsvar við sömu ræðu skal ræðumanni að jafnaði veitt færi á að svara hverju andsvari fyrir sig.

Orðaskipti í andsvörum mega að jafnaði ekki standa lengur en 16 mínútur í einu. Heimilt er forseta að takmarka ræðutíma í andsvörum enn frekar en skv. 2. mgr. sé fyrir séð að orðaskipti muni að öðrum kosti standa lengur.

Að jafnaði er borgarfulltrúa heimilt að veita andsvar við tveimur ræðum undir hverjum dagskrárlið.

25. gr.

Umræður dragast á langinn.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að ræðutími hvers borgarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum verði hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo að hún standi skemur en tvo tíma meðan nokkur borgarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Borgarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp um fjárhagsáætlun.

26. gr.

Tillögur og afgreiðsla.

Borgarstjóri og borgarfulltrúar geta borið fram breytingatillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er og borgarstjórn á úrskurðarvald um. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það, fella, vísa því frá, vísa því til afgreiðslu borgarstjóra eða nefndar eða með því að samþykkja tillögu um frestun. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

27. gr.

Bókanir og fyrirspurnir.

Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn eða leggja fram stutta fyrirspurn í fundargerð um mál sem er á verksviði borgarstjórnar.

Bókanir og fyrirspurnir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málf lutning um afstöðu borgarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.

28. gr.

Atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla fer að jafnaði fram með rafrænum hætti en að öðrum kosti með handaupprettingu. Borgarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá borgarfulltrúa sem samþykkja að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti móttakvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er þannig vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla um það fari fram skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef borgarstjóri óskar eftir því eða fjórir borgarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða borgarfulltrúar atkvæði eftir skrá um borgarfulltrúa í stafrófsröð. Við nafnakall skal

forseti greiða atkvæði síðastur. Nöfn varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum skal byrja.

Við nafnakall svarar borgarfulltrúi þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti, eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef borgarfulltrúi óskar þess og borgarstjórn samþykkir.

Ef borgarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta má hann skjóta úrskurðinum til borgarstjórnar sem sker úr án umræðna.

29. gr.

Kosningar.

Kosningar sem fara fram í borgarstjórn, sbr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör, sbr. 7. gr. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

Borgarstjórn ber að hafa í huga 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

30. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi borgarfulltrúa, ráðsfulltrúa og starfsmanna Reykjavíkurborgar til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á eða til greina kemur að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður Reykjavíkurborgar ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber borgarfulltrúa, ráðsfulltrúa eða starfsmanni Reykjavíkurborgar að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Borgarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli borgarstjórnar á því.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

31. gr.

Meðferð máls um vanhæfi.

Borgarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver borgarfulltrúi sé vanhæfur. Borgarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Borgarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal borgarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

32. gr.

Varamenn í borgarstjórn.

Varamenn taka sæti í borgarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til borgarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við kosningu í nefnd, ráð eða stjórn í borgarstjórn geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í

nefnd sem um ræðir taki sæti hans í borgarstjórn í forföllum aðalmanns í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram, taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur borgarfulltrúa.

33. gr.

Skyldur borgarfulltrúa.

Borgarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum borgarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli. Til lögmætra forfalla teljast veikindi, brýnar, ófyrirséðar og óviðráðanlegar aðstæður og önnur brýnni skyldustörf.

Aðal- og varamönnum í borgarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum Reykjavíkurborgar, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum borgarinnar. Sá borgarfulltrúi sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan borgarstjórnar í jafnlangan tíma getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum borgarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem borgarstjórn felur honum og varða verkefni Reykjavíkurborgar.

Borgarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

34. gr.

Réttur borgarfulltrúa.

Borgarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Borgarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá borgarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni Reykjavíkurborgar eða verkefni hennar.

Mál sem ekki er tilgreint í boðaðri dagskrá borgarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis $\frac{2}{3}$ hluta fundarmanna.

Borgarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum borgarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum borgarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum borgarstjórnar.

Vilji borgarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til borgarstjórnar sem sker úr án umræðna.

35. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í borgarstjórn á sérhver borgarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í borgarstjórn.

Sérhver borgarfulltrúi á rétt á aðgangi að fundargögnum þeirra ráða sem borgarstjórn kys til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum sbr. b-lið 63. gr. þessarar samþykktar.

Borgarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi borgarinnar og rekstur.

Óski borgarfulltrúi gagna skal beina því til skrifstofu borgarstjórnar sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Ef umbeðin gögn

eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða óvenju viðamikil er borgarfulltrúa heimilt að kynna sér þau á skrifstofu borgarstjórnar.

Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í borgarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

36. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Borgarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem borgarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga, og skrá fjárhagslega hagsmuni sína og trúnaðarstörf utan borgarstjórnar í samræmi við reglur.

37. gr.

Lausn frá störfum.

Telji borgarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í borgarstjórn án óhæfilegs álags getur hann óskað eftir því við borgarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr borgarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar borgarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má borgarstjórn ákveða, að hans ósk, að hann skuli víkja úr borgarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í Reykjavík. Slík ákvörðun skal tekin áður en borgarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir borgarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi borgarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr borgarstjórn. Ef borgarfulltrúi missir fjárforræði skal borgarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

38. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í borgarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur borgarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef $\frac{2}{3}$ hlutar viðstaddra borgarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í borgarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til skrifstofu borgarstjórnar eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

Forföll samkvæmt 2. mgr. taka ávallt til viðkomandi fundar í heild eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í borgarstjórn muni taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í borgarstjórn frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í borgarstjórn skal varamaður hans taka sæti í borgarstjórn frá og með næsta fundi.

39. gr.

Þóknun o.fl.

Borgarfulltrúi skal fá laun úr borgarsjóði fyrir störf sín í borgarstjórn. Haga skal fundum borgarstjórnar þannig að borgarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

Forsætisnefnd skal setja nánari reglur um réttindi, kjör og starfsaðstöðu borgarfulltrúa, svo sem um lífeyrissjóð, fæðingarorlof, starfslok, ferða-, dvalar- og ráðstefnukostnað o.fl.

Borgarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

40. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur aðalmanna í borgarstjórn eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í borgarstjórn.

V. KAFLI

Borgarráð.

41. gr.

Kosning borgarráðs.

Borgarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í borgarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í borgarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Borgarstjórn kýs formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna.

Borgarstjóri situr fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé borgarfulltrúi og kjörinn í borgarráð.

42. gr.

Fundartími borgarráðs.

Borgarráð skal að jafnaði halda fund vikulega á fimmtudögum. Aukafundi skal halda ef borgarstjóri, formaður borgarráðs eða a.m.k. tveir borgarráðsmenn óska þess.

43. gr.

Boðun funda borgarráðs.

Formaður borgarráðs undirbýr borgarráðsfundi í samráði við borgarstjóra.

Borgarráð skal boðað til fundar með skriflegu rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fundargögnum a.m.k. 40 klukkustundum fyrir fund.

Geti borgarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna skrifstofu borgarstjórnar um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

Um varamenn og boðun þeirra á fundi borgarráðs gilda ákvæði 32. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

44. gr.

Stjórnun borgarráðs.

Formaður borgarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í borgarráði þótt ekki sé það tilgreint á dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar ef þess er óskað.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er fundarritari borgarráðs. Um ritun fundargerða borgarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða borgarstjórnar.

Um fundarsköp borgarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um borgarstjórn eftir því sem þau geta átt við. Önnur ákvæði um nefndir, ráð og stjórnir taka jafnframt til borgarráðs eftir því sem við á.

Borgarráðsfundir eru haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

45. gr.

Áheyrnarfulltrúar í borgarráði.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í borgarráð er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í borgarráði skulu vera aðalmenn í borgarstjórn, sbr. 3. mgr. 36. gr. og 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Verkefni borgarráðs.

Borgarráð fer ásamt borgarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Borgarráð hefur eftirlit með stjórnslu borgarinnar og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur hana fyrir borgarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Borgarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra mála samkvæmt fjárhagsáætlun.

Þá sér borgarráð um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir borgarstjórn til meðferðar og afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Meðan borgarstjórn er í sumarleyfi fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur ella.

Þá getur borgarstjórn falið borgarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála nema lög mæli á annan veg.

47. gr.

Starfsmenn.

Skylt er starfsmönnum borgarinnar að sitja fundi borgarráðs þegar til umræðu eru málefni sem snerta störf þeirra og þess er óskað af borgarstjóra eða borgarráði.

48. gr.

Heimild borgarráðs til fullnaðarákvörðunar og endurupptöku.

Borgarráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, án staðfestingar borgarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli borgarráðsmanna eða við borgarstjóra um slíka afgreiðslu, ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.

Verði ágreiningur um ákvörðun í borgarráði telst málið eigi til lykta leitt fyrir en það hefur hlotið staðfestingu á næsta reglulega fundi borgarstjórnar.

Verði ágreiningur um ákvörðun í borgarráði í sumarleyfi borgarstjórnar telst málið eigi til lykta leitt ef skemmri tími en tvær vikur eru til næsta reglulegs fundar borgarstjórnar, fyrir liggur ákvörðun um aukafund í borgarstjórn eða bókuð er krafa í borgarráði um aukafund í borgarstjórn. Borgarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en borgarráð.

49. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Borgarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir borgarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og borgarstjórnar nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin borgarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri borgarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 6. gr. samþykktar þessarar, og sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

50. gr.

Forsætisnefnd.

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar. Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. másl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Tilnefna skal varamenn í forsætisnefnd sem taka sæti á fundum hennar þegar fulltrúar eru forfallaðir. Hið sama gildir um varaáheyrnarfulltrúa.

Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði, á föstudögum fyrir reglulegan fund borgarstjórnar. Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
4. Fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnsýslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað.
5. Fjallar um og setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.
6. Fjallar um opinberar móttökur Reykjavíkur og hefur eftirlit með því að reglum um móttökur sé fylgt.
7. Fjallar um málefni kjörinna fulltrúa og afgreiðir tilkynningar þeirra um fæðingarorlof, veikinda- og slysaförföll.
8. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða.

Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða, og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.

51. gr.

Ad-hoc nefndir.

Borgarráð getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils borgarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Borgarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

52. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir borgarstjórnar, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem Reykjavíkurborg á aðild að, skulu vera leynilegar

og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarétt í Reykjavík nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. þó ákvæði 63. og 64. gr.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana Reykjavíkurborgar eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Borgarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

53. gr.

Kosning formanns – fundarboð.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, hafi hann ekki verið kosinn í borgarstjórn, og varaformann.

Borgarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema borgarstjórn hafi áður kosið formann. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.

54. gr.

Skylt að sækja fundi – forföll – varamenn.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli.

Ef bæði formaður og varaformaður eru forfallaðir á fundi skal kjósa úr hópi nefndarmanna sem sinnir formennsku á þeim fundi.

Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður hans sæti nema borgarstjórn ákveði að kjósa að nýju fulltrúa í nefndina. Þegar nefndarmaður forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Séu aðalmaður og varamaður báðir forfallaðir á sami framboðsaðili rétt á að tilnefna fulltrúa af framboðslista sínum til setu á þeim fundi.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 4. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

55. gr.

Fundir fyrir luktum dyrum – opnir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum á nefndarfundum sem fram koma hjá einstökum nefndarmönnum eða öðrum sem fundinn sitja. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Nefndir borgarstjórnar geta ákveðið að efna til opinna funda með borgarbúum, íbúum einstakra hverfa, félögum eða öðrum hagsmunahópum þegar þær hafa til meðferðar mál sem eðlilegt þykir að fjalla um á þann hátt áður en þau eru afgreidd í viðkomandi nefnd. Fagråd sem kosin eru skv. B-lið 63. gr. skulu að jafnaði halda einn opinn fund árlega.

Nefndum borgarstjórnar er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótatkvæðalaust á næsta nefndarfundum á undan, svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

56. gr.

Fundarstjórn.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnunum Reykjavíkurborgar eftir því sem við á.

57. gr.

Bókun og fyrirspurnir.

Nefndarmenn í borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnunum eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er á fundinum eða leggja fram stutta fyrirspurn í fundargerð um mál sem eru á verksviði nefndarinnar.

Bókanir og fyrirspurnir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu fulltrúa til máls sem til meðferðar er.

58. gr.

Verkefni – sameining.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarstjórnar fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum borgarstjórnar fyrir einstakar nefndir, ráð eða stjórnir.

Heimilt er borgarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þótt kveðið sé á um í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til þess að fara með tiltekin verkefni.

59. gr.

Fullnaðarafgreiðsla.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur borgarstjórn ákveðið með viðauka við samþykkt þessa að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum Reykjavíkurborgar fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum og getur í 1. mgr. er borgarstjórn heimilt að fela öðrum aðilum innan stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar fullnaðarafgreiðslu mála. Borgarstjórn, borgarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. 2. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, sbr. 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að borgarstjórn, borgarráð eða viðkomandi nefnd, skv. samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, taki ákvörðun í máli.

Þegar borgarstjórn neytir heimildar skv. 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveðið á um það hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

60. gr.

Endurupptaka.

Að uppgefnum skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um endurupptöku á aðili máls rétt á því að mál hans verði tekið fyrir á ný. Beiðni um endurupptöku skal beint til borgarráðs.

61. gr.

Fundargerðir.

Nefndir, ráð og stjórnir borgarstjórnar skulu halda gerðabækur. Ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða borgarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

62. gr.

Staðfesting borgarráðs.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar borgarráðs og/eða borgarstjórnar ber að taka þær fyrir sem sérstakan dagskrárlið. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir borgarráð, sbr. ákvæði 65. gr. samþykktar þessarar.

63. gr.

Kosning í ráð.

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. Til eins árs:

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og sjö til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Sjö menn í mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráð og sjö til vara. Formannskjör.
2. Sjö menn í menningar-, íþróttá- og tómstundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
3. Sjö menn í skipulags- og samgönguráð og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö menn í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö menn í umhverfis- og heilbrigðisráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö menn í velferðarráð og sjö til vara. Formannskjör.

Aðalmenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðalmanna í borgarstjórn og fyrstu varamanna hvers framboðslista. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn.

64. gr.

Kosning annarra nefnda.

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 63. gr. kýs hún fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð eða stjórnir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. Til eins árs:

1. Fimm fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm fulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fimm til vara. Formannskjör.

B. Til fjögurra ára:

1. Einn fulltrúa í almannavarnanefnd og tvo til vara.
2. Fimm fulltrúa í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
3. Þrjú fulltrúa í endurskoðunarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
4. Þrjú fulltrúa í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks og þrjú til vara. Formannskjör.
5. Tvo fulltrúa í fjölmeningarráð og tvo til vara. Formannskjör.
6. Þrjú fulltrúa í hvert íbúaráð og þrjú til vara. Formannskjör.
7. Fimm fulltrúa í innkaupa- og framkvæmdaráð og fimm til vara. Formannskjör.
8. Þrjú fulltrúa í ofbeldisvarnarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
9. Þrjú fulltrúa í stjórn Brúar lífeyrissjóðs og þrjú til vara.
10. Tvo fulltrúa í öldungaráð og tvo til vara. Formannskjör.

Aðalfulltrúar í nefndum sem taldar eru upp í 4., 5., 7., 8., og 10. tölul. B-liðar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn. Tveir af þremur fulltrúum í íbúaráðum skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn.

C. Kjörstjórnir:

Borgarstjórn kýs fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum viðkomandi kosningalaga.

D. Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:

Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum.

65. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir borgarráðs, fagráða Reykjavíkurborgar skv. B-lið 63. gr. og forsætisnefndar skulu lagðar fyrir borgarráð og borgarstjórn til kynningar.

Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir borgarráð til kynningar samkvæmt sérstökum samþykktum eða eftir því sem við á.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar borgarráðs eða borgarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreiddar með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir borgarstjórn eða borgarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt þessari.

66. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

Um varamenn og boðun þeirra á nefndarfundum gilda að öðru leyti ákvæði 32. og 38. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Ákvæði samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

67. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins sem ekki eru aðal- eða varamenn í borgarstjórn er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við borgarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Borgarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan borgarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundum nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur

borgarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Borgarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að $\frac{2}{3}$ fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan borgarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

68. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í fastanefnd sem hefur fullnaðarákvörðunarvald í málum, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndar með málfrelsi og tillögurétt. Þessi heimild gildir ekki um fulltrúa í barnaverndarnefnd.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

69. gr.

Þóknun.

Borgarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Reykjavíkurborgar hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati borgarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Borgarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Reykjavíkurborgar.

70. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum Reykjavíkurborgar eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

71. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem Reykjavíkurborg á aðild að.

Borgarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem Reykjavíkurborg á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila sem borgarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr. fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem Reykjavíkurborg væri ekki sjálfri heimilt að sinna, þá er fulltrúi Reykjavíkurborgar í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum borgarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

VII. KAFLI

Borgarstjóri og aðrir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

72. gr.

Ráðning borgarstjóra.

Borgarstjórn ræður eða kýs borgarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana borgarstjórnar og verkefni Reykjavíkurborgar. Borgarstjórn skal gera skriflegan

ráðningarsamning við borgarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími borgarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil borgarstjórnar.

73. gr.

Hlutverk borgarstjóra.

Borgarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hann skal sjá um að stjórnarsýsla Reykjavíkurborgar samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Borgarstjóri skal sitja fundi borgarstjórnar og borgarráðs. Þar hefur hann óbundið málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn borgarfulltrúi/borgarráðsmaður. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem Reykjavíkurborg skipar.

Borgarstjóri skal sjá um að fundir borgarstjórnar, borgarráðs og annarra nefnda borgarinnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu borgarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda hafi borgarstjórn ekki falið það öðrum.

Borgarstjóri er prókúruhafi Reykjavíkurborgar. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni borgarinnar prókúru að fengnu samþykki borgarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Borgarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna borgarinnar, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki borgarstjórnar þarf til.

Formaður borgarráðs er staðgengill borgarstjóra. Í fjarveru formanns borgarráðs er borgarritari staðgengill borgarstjóra. Í fjarveru formanns borgarráðs og borgarritara er borgarlögmaður staðgengill borgarstjóra.

74. gr.

Ráðning starfsmanna.

Borgarráð ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veitir þeim lausn frá störfum.

Um ráðningu annarra starfsmanna annast stjórnendur á hverri starfseiningu fyrir sig og næstráðendur þeirra í samræmi við ákvæði laga og samþykktu Reykjavíkurborgar.

75. gr.

Auglýsing starfa.

Lausar stöður skulu auglýstar til umsóknar í samræmi við reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.

76. gr.

Réttindi og skyldur.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna eftir því sem við á.

77. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Reykjavíkurborgar og aðrir sem borgin ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

VIII. KAFLI
Fjármál Reykjavíkurborgar.

78. gr.

Fjárstjórnarvald borgarstjórnar.

Einvörðungu borgarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fimm ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

79. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlana.

Borgarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu fjögur ár þar á eftir. Borgarstjóri ber ábyrgð á undirbúningi og gerð frumvarps að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í samræmi við 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga og leggur fram í borgarráði. Borgarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun fyrir borgarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Borgarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu borgarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri Reykjavíkurborgar, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir borgarinnar. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu borgarsjóðs og stofnana borgarinnar við upphaf áætlunartímabilsins.

Borgarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

80. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem borgarstjórn tekur skv. 78. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu Reykjavíkurborgar. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu borgarinnar á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema borgarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að borgarstjórn hafi áður samþykkt

viðauka enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar borgarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi borgarstjórnar.

81. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu Reykjavíkurborgar.

Borgarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að Reykjavíkurborg muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

82. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Borgarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna Reykjavíkurborgar og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en borgarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum Reykjavíkurborgar yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag borgarinnar, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Reykjavíkurborgar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

83. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir borgarsjóð, stofnanir Reykjavíkurborgar og fyrirtæki hennar. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir Reykjavíkurborg, þ.e. borgarsjóð, stofnanir hennar og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar skal fullgerður og samþykktur af borgarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í borgarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Borgarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning Reykjavíkurborgar ásamt skýrslu endurskoðanda skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands eigi síðar en 20. maí ár hvert.

84. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga með þeim hætti sem kveðið er á um í samþykkt þessari, samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Borgarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa – þátttökulýðræði.

85. gr.

Borgarafundir, íbúabing, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúabing og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ef frá er talið lágmark þeirra sem kosningarétt eiga í sveitarfélaginu og óska almennrar atkvæðagreiðslu, sbr. 86. gr.

86. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 20% þeirra sem kosningarétt eiga í Reykjavík óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal borgarstjórn verða við því innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk borgarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

87. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem Borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 12/2007 með síðari breytingum.

Breyting nr. 1012/2014 – útgáfudagur í B-deild 18. nóvember 2014

Breyting nr. 592/2015 – útgáfudagur í B-deild 6. júlí 2015

Breyting nr. 794/2016 – útgáfudagur í B-deild 22. september 2016

Breyting nr. 392/2018 – útgáfudagur í B-deild 20. apríl 2018

Breyting nr. 1058/2018 – útgáfudagur í B-deild 28. nóvember 2018

Breyting nr. X/2019 – útgáfudagur í B-deild X 2019

SAMÞYKKT

um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar

I. KAFLI

Um skipan borgarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Skipan borgarstjórnar.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð tuttugu og þremur borgarfulltrúum sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Reykjavíkurborg er sjálfstætt stjórnvald sem stjórnað er af lýðræðislega kjörinni borgarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Reykjavíkurborg annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá því ráðuneyti sem fer með málefni sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Reykjavíkurborg er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa hennar, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um borgarstjórn.

4. gr.

Hlutverk borgarstjórnar.

Borgarstjórn fer með stjórn Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum, ákvæðum annarra laga og samþykkt þessari.

Borgarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna Reykjavíkurborgar.

5. gr.

Verkefni borgarstjórnar.

Meðal verkefna borgarstjórnar er:

- Að sjá um að lögbundnar skyldur séu rættar og hafa eftirlit með því að viðeigandi reglum sé fylgt í störfum Reykjavíkurborgar.
- Að kjósa forseta og ~~tvö fjóra~~ varaforseta borgarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, borgarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir, sbr. V. kafla sveitarstjórnarlaga, skipa í endurskoðunarnefnd og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem annast skal endurskoðun hjá ~~sveitarfélaginu~~ [Reykjavíkurborg](#), sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
- Að setja borgarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Að ákveða stjórnskipan Reykjavíkurborgar, ráða eða kjósa borgarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga.
- Að móta stefnu fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar, deilda og stofnana, setja starfsemi Reykjavíkurborgar reglur og setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.

6. Að fara með fjárstjórnarvald Reykjavíkurborgar, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.
7. Að bera ábyrgð á fjármálum Reykjavíkurborgar, stofnana hennar og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar, og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar borgarinnar til lengri tíma.
8. Að hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum Reykjavíkurborgar og þeim sem njóta þjónustu hennar upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

6. gr.

Ný borgarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin borgarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi borgarstjórn umboði sínu með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til sveitarstjórna. Nýkjörin borgarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni borgarstjórnarinnar eða Reykjavíkurborgar eftir að hún tekur við störfum.

Sá borgarfulltrúi í nýkjörinni borgarstjórn sem á að baki lengsta setu í borgarstjórn boðar til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í borgarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund borgarstjórnar skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta, varaforseta og skrifara.

Á fyrsta fundi kýs borgarstjórn forseta borgarstjórnar og fjóra varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs og síðan í júní ár hvert. Fyrsti, annar, þriðji og fjórði varaforseti gegna, í þeirri röð, störfum forseta í forföllum hans.

Njóti forseti eða varaforsetar ekki lengur stuðnings borgarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforsetar forfallast varanlega eða fá lausn frá störfum. Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis þegar að því loknu.

Sá telst réttkjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta borgarstjórnar þeirra sem sæti eiga í borgarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá borgarfulltrúi réttkjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja borgarfulltrúa sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá réttkjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta borgarstjórnar skal hann stjórna kjöri tveggja fjögurra varaforseta borgarstjórnar með hlutfallskosningu, og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra.

Borgarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði þá er atkvæðagreiðslur fara fram og bera ábyrgð á frágangi fundargerða með forseta borgarstjórnar.

Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi borgarstjórnar gegnir starfsaldursforseti forsetastörfum nema borgarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra á þeim fundi þáð skipti.

III. KAFLI Fundir borgarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir borgarstjórnar.

Borgarstjórn heldur reglulega fundi í Ráðhúsi Reykjavíkur tvisvar í mánuði, fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag, og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 14:00. Borgarstjóri, [forseti borgarstjórnar](#) eða borgarstjórn geta ákveðið annan fundarstað.

Aukafundi skal halda þegar forseti borgarstjórnar eða borgarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur borgarfulltrúa óskar þess.

Borgarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta borgarstjórnarfundum á undan.

Borgarstjórn er heimilt að fella niður fundi í allt að tvo mánuði samfelld að sumarlagi. Á meðan á sumarleyfi borgarstjórnar stendur fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur.

9. gr.

Boðun borgarstjórnarfundar.

~~Borgarstjóri og forseti~~ Forseti borgarstjórnar boðar til borgarstjórnarfundar.

Fundarboð ásamt dagskrá og fylgigögnum skal berast borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum ~~á lágmarki~~ ~~eigi síðar en~~ tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða eigi síðar en ~~sólarhring~~ ~~tveimur virkum dögum~~ eftir að ósk þar um berst forseta borgarstjórnar. Ósk um aukafund skulu fylgja öll gögn sem leggja á fyrir fundinn. Fundarboð vegna aukafundar ásamt dagskrá og fylgigögnum skal berast borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum svo fljótt sem auðið er og ~~eigi~~ síðar en sólarhring áður en fundur hefst.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að borgarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind. Heimilt er að senda fundarboð og gögn með rafrænum hætti.

10. gr.

Dagskrá borgarstjórnarfundar.

Forseti borgarstjórnar semur dagskrá borgarstjórnarfundar í samráði við borgarstjóra og forsætisnefnd og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá borgarstjórnarfundar skal taka:

- Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta borgarstjórnar og ~~tveggja fjögurra~~ varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórnar á vegum borgarinnar, svo og kosningu eða ráðningu borgarstjóra og endurskoðenda þess.
- Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinna nefnda og ráða; forsætisnefndar, menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs, mannréttinda- ~~nýsköpunar~~- og lýðræðisráðs, skóla- og frístundaráðs, skipulags- og samgönguráðs, umhverfis- og heilbrigðisráðs, ~~og~~ ~~og~~ ~~velferðarráðs.~~
- Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 2. tölul. hér að framan, og þarfnast staðfestingar borgarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
- Önnur mál sem falla undir verksvið borgarstjórnar og forsætisnefnd, borgarstjóri eða forseti ákveða að taka á dagskrá eða borgarfulltrúi óskar eftir að verði tekin á dagskrá.

Borgarfulltrúi sem óskar eftir að fá mál tekið á dagskrá borgarstjórnarfundar skal tilkynna ~~það~~ forsætisnefnd það skriflega fyrir kl. 11:00 á föstudegi fyrir reglulegan fund borgarstjórnarfundar.

Þegar óskað er eftir því að tillaga verði tekin á dagskrá skal senda hana forsætisnefnd ásamt heiti tillögunnar. Hið sama gildir um heiti umræðna.

Þegar ~~óskað er eftir að~~ kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar ~~verði teknar eru~~ á dagskrá borgarstjórnar, skal senda forsætisnefnd upplýsingar um nöfn þeirra sem lagt er til að taki sæti.

Sniðið: Ekki Auðkennt

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi borgarstjórnar.

Auglýsa skal fundi borgarstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur og á vef Reykjavíkurborgar með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og tilgreina þar dagskrá fundar. Öll fylgigögn skulu jafnframt birt á vef Reykjavíkurborgar. ~~Dagskrá borgarstjórnarfundar skal með sama fyrirvara send fjölmiðlum.~~

Heimilt er að fella niður auglýsingu ~~og tilkynningu til fjölmiðla~~ samkvæmt þessari grein ef aukafundur er boðaður með svo naumum fyrirvara að slíku verði ekki við komið eða hafa skemmri fyrirvara en segir í 1. mgr.

12. gr.

Opnir fundir borgarstjórnar.

Fundir borgarstjórnar eru opnir en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti eða borgarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn Reykjavíkurborgar séu viðstaddir.

Óheimilt er að greina opinberlega frá umræðum á lokuðum fundi borgarstjórnar.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Borgarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur borgarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á borgarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Tvær umræður í borgarstjórn.

Borgarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins Reykjavíkurborgar í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal borgarstjórn hafa tvær umræður með a.m.k. tveggja vikna millibili um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

15. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er fundarritari borgarstjórnar og sér um færslur gerðabókar og hafa skrifarar, í samráði við forseta, eftirlit með að rétt sé fært til bókar.

Fundargerðir eru skráðar í tölvur, lesnar upp í fundarlök og undirritaðar af forseta borgarstjórnar og skrifurum.

Að öðru leyti fer um ritun fundargerða borgarstjórnar samkvæmt leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

16. gr.

Fundarstjórn.

Forseti borgarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar í gerðabók og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum borgarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarstjórnar.

17. gr.

Vald forseta.

Skylt er borgarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.

Ef borgarfulltrúi ber aðra menn brigsjum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef borgarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við borgarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef borgarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði borgarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

Ef áheyrandi á borgarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti látið vísa honum út. Leyfi forseta þarf til myndatöku í fundarsal borgarstjórnar.

18. gr.

Afgreiðsla mála.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema borgarstjórn eða forseti ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárliði á fundinum.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt þess sé ekki getið í fundarboði, enda samþykki $\frac{2}{3}$ viðstaddra borgarfulltrúa þau afbrigði.

19. gr.

Málfrelsi borgarstjóra o.fl.

Borgarstjóri skal sitja fundi borgarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í borgarstjórn.

Borgarstjórn getur heimilað að maður utan borgarstjórnar taki til máls á borgarstjórnarfundi ef $\frac{2}{3}$ borgarfulltrúa samþykkja það.

20. gr.

Málfrelsi.

Borgarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum borgarstjórnar. Hver borgarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða borgarstjóra eða framsögumann svo og borgarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar.

Ef tveir eða fleiri kveðja sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Borgarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað. Borgarfulltrúar skulu þó að jafnaði veita andsvör og gera stuttar athugasemdir úr sæti sínu.

21. gr.

Ávarp ræðumanns.

Borgarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta borgarstjórnar.

Ræðumaður skal ávarpa einstaka borgarfulltrúa með fullu nafni og titlinum borgarfulltrúi.

Þegar fundargerð er til umræðu skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar eftir að ræða.

Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.

22. gr.

Hve oft má tala.

Borgarfulltrúar mega tala þrisvar við hverja umræðu máls.

Borgarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli. Forseti getur heimilað borgarfulltrúa að gera stutta athugasemd oftari en einu sinni undir hverjum dagskrárlið sé um að ræða athugasemd um fundarskóp, fundarstjórn forseta eða ef borgarfulltrúi hyggst bera af sér ámæli. Borgarstjóri hefur óbundið málfrelsi og getur því tekið til máls oftari en þrisvar.

23. gr.

Ræðutími.

Við umræðu um mál skv. 4. tölul. 2. mgr. 10. gr. má ræðutími í fyrstu ræðu vera allt að tíu mínútur. Ræðutími í seinni ræðum má vera allt að fimm mínútur. Hið sama gildir um ræður borgarstjóra. Við umræður um önnur mál, fundargerðir skv. 2. tölul. 2. mgr. 10. gr. og við umræður utan dagskrár er ræðutími takmarkaður við fimm mínútur.

Ræðutími borgarfulltrúa sem óskar eftir að gera stutta athugasemd eða bera af sér ámæli má vera allt að einni mínútu. Forseti getur þó heimilað lengri ræðutíma við umræður um fundarskóp eða fundarstjórn forseta.

Forseta er heimilt að rýmka ræðutíma sé mál það umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma borgarfulltrúa ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst.

Við síðari umræðu um fjárhagsáætlun og aðalskipulag Reykjavíkur skal ræðutími vera óbundinn.

24. gr.

Andsvar.

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. getur forseti leyft borgarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki annarri ræðu eða öðru andsvari.

Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Svári ræðumaður andsvari er þeim sem andsvar veitti heimilt að veita andsvar öðru sinni og er ræðumanni jafnframt heimilt að svara því andsvari. Veiti fleiri

en einn borgarfulltrúi andsvar við sömu ræðu skal ræðumanni að jafnaði veitt færi á að svara hverju andsvari fyrir sig.

Orðaskipti í andsvörum mega að jafnaði ekki standa lengur en 16 mínútur í einu. Heimilt er forseta að takmarka ræðutíma í andsvörum enn frekar en skv. 2. mgr. sé fyrir séð að orðaskipti muni að öðrum kosti standa lengur.

Að jafnaði er borgarfulltrúa heimilt að veita andsvar við tveimur ræðum undir hverjum dagskrárlíð.

25. gr.

Umræður dragast á langinn.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að ræðutími hvers borgarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum verði hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo að hún standi skemur en tvo tíma meðan nokkur borgarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Borgarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp um fjárhagsáætlun.

26. gr.

Tillögur og afgreiðsla.

Borgarstjóri og borgarfulltrúar geta borið fram breytingatillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er og borgarstjórn á úrskurðarvald um. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það, fella, vísa því frá ~~með einfaldri eða rökstuddri dagskrá~~, vísa því til afgreiðslu borgarstjóra eða nefndar eða með því að samþykkja tillögu um frestun. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarskóp.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

27. gr.

Bókanir og fyrirspurnir.

Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn eða leggja fram stutta fyrirspurn í fundargerð um mál sem er á verksviði borgarstjórnar.

Bókanir og fyrirspurnir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu borgarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.

28. gr.

Atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla fer að jafnaði fram með rafrænum hætti en að öðrum kosti með handaupprettingu. Borgarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá borgarfulltrúa sem samþykkja að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er þannig vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla um það fari fram skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef borgarstjóri óskar eftir því eða fjórir borgarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall

greiða borgarfulltrúar atkvæði eftir skrá um borgarfulltrúa í stafrófsröð. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Nöfn varafulltrúa skal bæta á skrána í réttri röð í stað nafna þeirra sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum skal byrja.

Við nafnakall svarar borgarfulltrúi þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti, eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef borgarfulltrúi óskar þess og borgarstjórn samþykkir.

Ef borgarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta má hann skjóta úrskurðinum til borgarstjórnar sem sker úr án umræðna.

29. gr.

Kosningar.

Kosningar sem fara fram í borgarstjórn, sbr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við [eðdvítakjörforsetakjör](#), sbr. 7. gr. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

Borgarstjórn [ber að hafa í huga](#) 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

30. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi borgarfulltrúa, ráðsfulltrúa og starfsmanna Reykjavíkurborgar til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á eða til greina kemur að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður Reykjavíkurborgar ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber borgarfulltrúa, ráðsfulltrúa eða starfsmanni Reykjavíkurborgar að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Borgarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli borgarstjórnar á því.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

31. gr.

Meðferð máls um vanhæfi.

Borgarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver borgarfulltrúi sé vanhæfur. Borgarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Borgarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal borgarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

32. gr.

Varamenn í borgarstjórn.

Varamenn taka sæti í borgarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til borgarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við kosningu í nefnd, ráð eða stjórn í borgarstjórn geta þeir komið sér saman um

að varamenn á listanum sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir taki sæti hans í borgarstjórn í forföllum aðalmanns í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram, taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur borgarfulltrúa.

33. gr.

Skyldur borgarfulltrúa.

Borgarfulltrúa ber skylda til að taka þátt í öllum borgarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamlí. [Til lögmætra forfalla teljast veikindi, brýnar, ófyrirséðar og óviðráðanlegar aðstæður og önnur brýnni skyldustörf.](#)

Aðal- og varamönnum í borgarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum Reykjavíkurborgar, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum borgarinnar. Sá borgarfulltrúi sem verið hefur forseti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan borgarstjórnar í jafnlangan tíma getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum borgarfulltrúa er skylt að inna af hendi störf sem borgarstjórn felur honum og varða verkefni Reykjavíkurborgar.

Borgarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

34. gr.

Réttur borgarfulltrúa.

Borgarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Borgarfulltrúi á rétt á að tekið verði á dagskrá borgarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni Reykjavíkurborgar eða verkefni hennar.

Mál sem ekki er tilgreint í boðaðri dagskrá borgarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis $\frac{2}{3}$ hluta fundarmanna.

Borgarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum borgarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum borgarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum borgarstjórnar.

Vilji borgarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til borgarstjórnar sem sker úr án umræðna.

35. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í borgarstjórn á sérhver borgarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í borgarstjórn.

Sérhver borgarfulltrúi á rétt á aðgangi að fundargögnum þeirra ráða sem borgarstjórn kys til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum sbr. b-lið 63. gr. þessarar samþykktar.

Borgarfulltrúi skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi borgarinnar og rekstur.

Óski borgarfulltrúi gagna skal beina því til skrifstofu borgarstjórnar sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Ef umbeðin gögn

eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða óvenju viðamikil er borgarfulltrúa heimilt að kynna sér þau á skrifstofu borgarstjórnar.

Varði málefni viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í borgarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

36. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Borgarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem borgarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga, og skrá fjárhagslega hagsmuni sína og trúnaðarstörf utan borgarstjórnar í samræmi við reglur.

37. gr.

Lausn frá störfum.

Telji borgarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í borgarstjórn án óhæfilegs álags getur hann óskað eftir því við borgarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr borgarstjórn um tiltekinn fyrirfram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar borgarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má borgarstjórn ákveða, að hans ósk, að hann skuli víkja úr borgarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í Reykjavík. Slík ákvörðun skal tekin áður en borgarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir borgarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.

Missi borgarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr borgarstjórn. Ef borgarfulltrúi missir fjárforræði skal borgarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

38. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í borgarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur borgarfulltrúi krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef $\frac{2}{3}$ hlutar viðstaddra borgarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í borgarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til skrifstofu borgarstjórnar eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

Forföll samkvæmt 2. mgr. taka ávallt til viðkomandi fundar í heild eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í borgarstjórn muni taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í borgarstjórn frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í borgarstjórn skal varamaður hans taka sæti í borgarstjórn frá og með næsta fundi.

39. gr.

Þóknun o.fl.

Borgarfulltrúi skal fá laun úr borgarsjóði fyrir störf sín í borgarstjórn. Haga skal fundum borgarstjórnar þannig að borgarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

Forsætisnefnd skal setja nánari reglur um réttindi, kjör og starfsaðstöðu borgarfulltrúa, svo sem um lífeyrissjóð, fæðingarorlof, starfslok, ferða-, dvalar- og ráðstefnukostnað o.fl.

Borgarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

40. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur aðalmanna í borgarstjórn eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í borgarstjórn.

V. KAFLI

Borgarráð.

41. gr.

Kosning borgarráðs.

Borgarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í borgarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í borgarráð, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

Borgarstjórn kýs formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna.

Borgarstjóri situr fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé borgarfulltrúi og kjörinn í borgarráð.

42. gr.

Fundartími borgarráðs.

Borgarráð skal að jafnaði halda fund vikulega á fimmtudögum. Aukafundi skal halda ef borgarstjóri, formaður borgarráðs eða a.m.k. tveir borgarráðsmenn óska þess.

43. gr.

Boðun funda borgarráðs.

Formaður borgarráðs undirbýr borgarráðsfundi í samráði við borgarstjóra.

Borgarráð skal boðað til fundar með skriflegu [rafrænu](#) fundarboði ásamt dagskrá og fundargögnum a.m.k. [40 klukkustundum](#) fyrir fund.

Geti borgarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna skrifstofu borgarstjórnar um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

[Um varamenn og boðun þeirra á fundi borgarráðs gilda ákvæði 32. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.](#)

~~Heimilt er að taka mál til meðferðar í borgarráði þótt ekki sé það tilgreint á dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar ef þess er óskað.~~

44. gr.

Stjórnun borgarráðs.

Formaður borgarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarráðs.

[Heimilt er að taka mál til meðferðar í borgarráði þótt ekki sé það tilgreint á dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar ef þess er óskað.](#)

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er fundarritari borgarráðs. Um ritun fundargerða borgarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða borgarstjórnar.

Um fundarsköp borgarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um borgarstjórn eftir því sem þau geta átt við. Önnur ákvæði um nefndir, ráð og stjórnir taka jafnframt til borgarráðs eftir því sem við á.

Borgarráðsfundir eru haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.

45. gr.

Áheyrnarfulltrúar í borgarráði.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í borgarráð er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í borgarráði skulu vera aðalmenn í borgarstjórn, sbr. 3. mgr. 36. gr. [og 3. mgr. 50. gr.](#) sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Verkefni borgarráðs.

Borgarráð fer ásamt borgarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Borgarráð hefur [eftirlit](#) með stjórnýslu borgarinnar og [fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana](#) og leggur [hana](#) fyrir borgarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Borgarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra mála samkvæmt fjárhagsáætlun.

Þá sér borgarráð um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir reglum samkvæmt og þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja, lagðir fyrir borgarstjórn til [meðferðar og](#) afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Meðan borgarstjórn er í sumarleyfi fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur ella.

Þá getur borgarstjórn falið borgarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála nema lög mæli á annan veg.

47. gr.

Starfsmenn.

Skylt er starfsmönnum borgarinnar að sitja fundi borgarráðs þegar til umræðu eru málefni sem snerta störf þeirra og þess er óskað af borgarstjóra eða borgarráði.

48. gr.

Heimild borgarráðs til fullnaðarákvörðunar og endurupptöku.

Borgarráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, án staðfestingar borgarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli borgarráðsmanna eða við borgarstjóra um slíka afgreiðslu, ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.

Verði ágreiningur um ákvörðun í borgarráði telst málið eigi til lykta leitt fyrir en það hefur hlotið staðfestingu á næsta reglulega fundi borgarstjórnar.

Verði ágreiningur um ákvörðun í borgarráði í sumarleyfi borgarstjórnar telst málið eigi til lykta leitt ef skemmri tími en tvær vikur eru til næsta reglulegs fundar borgarstjórnar, fyrir liggur ákvörðun um aukafund í borgarstjórn eða bókuð er krafa í borgarráði um aukafund í borgarstjórn. Borgarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993.

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en borgarráð.

49. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Borgarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir borgarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og borgarstjórnar nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin borgarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri borgarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 6. gr. samþykktar þessarar, [og sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga](#).

50. gr.

Forsætisnefnd.

Forseti og varaforsetar borgarstjórnar skipa forsætisnefnd og stýrir forseti starfi nefndarinnar. Nú á framboðslisti sem fær kjörinn fulltrúa í borgarstjórn ekki fulltrúa í forsætisnefnd skv. 1. másl. og skal hann þá tilnefna borgarfulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í forsætisnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

Tilnefna skal varamenn í forsætisnefnd sem taka sæti á fundum hennar þegar fulltrúar eru forfallaðir. Hið sama gildir um varaáheyrnarfulltrúa.

Forsætisnefnd heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði, [á föstudögum fyrir reglulegan fund borgarstjórnar](#). Boða skal til aukafunda eftir þörfum. Forseti borgarstjórnar boðar til funda forsætisnefndar og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra nefndarinnar.

Verkefni forsætisnefndar eru sem hér segir:

1. Skipuleggur starf borgarstjórnar.
2. Hefur umsjón með alþjóðasamstarfi borgarstjórnar.
3. Fjallar um tillögur að breytingum á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar og samþykktum fyrir einstakar nefndir.
4. Fjallar um álitamál varðandi málsmeðferð í stjórnslu og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sem til hennar er vísað.
5. Fjallar um og setur reglur um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.
6. [Fjallar um opinberar móttökur Reykjavíkur og hefur eftirlit með því að reglum um móttökur sé fylgt. Ákveður móttökur á vegum borgarinnar](#)
7. [Fjallar um málefni kjörinna fulltrúa og afgreiðir tilkynningar þeirra](#) um fæðingarorlof, veikinda- og slysaforföll.
8. Fjallar um önnur þau mál sem forseti leggur fyrir hana eða aðrir nefndarmenn, áheyrnarfulltrúar eða skrifstofustjóri borgarstjórnar óskar að ræða.

Skrifstofa borgarstjórnar annast umsýslu fyrir forsætisnefnd, þ.m.t. ritun fundargerða, og er skrifstofustjóri borgarstjórnar framkvæmdastjóri forsætisnefndar.

51. gr.

Ad-hoc nefndir.

Borgarráð getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils borgarstjórnar og fyrir ef verkefni nefndar er lokið. Borgarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

52. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir borgarstjórnar, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem Reykjavíkurborg á aðild að, skulu vera leynilegar

og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarétt í Reykjavík nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. þó ákvæði 63. og 64. gr.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana Reykjavíkurborgar eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Borgarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

53. gr.

Kosning formanns – fundarboð.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, hafi hann ekki verið kosinn í borgarstjórn, og varaformann.

Borgarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema borgarstjórn hafi áður kosið formann. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. [eins tveggja](#) sólarhringa fyrirvara.

54. gr.

Skylt að sækja fundi – forföll – varamenn.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli.

Ef bæði formaður og varaformaður eru forfallaðir á fundi skal kjósa úr hópi nefndarmanna sem sinnir formennsku [það skiptið á þeim fundi](#).

Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður hans sæti nema borgarstjórn ákveði að kjósa að nýju fulltrúa í nefndina. Þegar nefndarmaður forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Séu aðalmaður og varamaður báðir forfallaðir á sami framboðsaðili rétt á að tilnefna fulltrúa af framboðslista sínum til setu á þeim fundi.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 4. mgr. 21. gr. sveitarstjórnarlaga.

55. gr.

Fundir fyrir luktum dyrum – opnir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum á nefndarfundum sem fram koma hjá einstökum nefndarmönnum eða öðrum sem fundinn sitja. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Nefndir borgarstjórnar geta ákveðið að efna til opinna funda með borgarbúum, íbúum einstakra hverfa, félögum eða öðrum hagsmunahópum þegar þær hafa til meðferðar mál sem eðlilegt þykir að fjalla um á þann hátt áður en þau eru afgreidd í viðkomandi nefnd. Fagråd sem kosin eru skv. B-lið 63. gr. skulu að jafnaði halda einn opinn fund árlega.

Nefndum borgarstjórnar er skylt að verða við ósk nefndarmanns um opinn fund, að öllu leyti eða hluta, ef tillaga um slíkt er samþykkt mótatkvæðalaust á næsta nefndarfundum á undan, svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

56. gr.

Sniðið: Leturgerð: Leturlitur: Svart

Fundarstjórn.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum Reykjavíkurborgar eftir því sem við á.

57. gr.

Bókun og fyrirspurnir.

Nefndarmenn í borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnnum eiga rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er á fundinum eða leggja fram stutta fyrirspurn í fundargerð um mál sem eru á verksviði nefndarinnar.

Bókanir og fyrirspurnir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflytning um afstöðu fulltrúa til máls sem til meðferðar er.

58. gr.

Verkefni – sameining.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarstjórnar fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum borgarstjórnar fyrir einstakar nefndir, ráð eða stjórnir.

Heimilt er borgarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þótt kveðið sé á um í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til þess að fara með tiltekin verkefni.

59. gr.

Fullnaðarafgreiðsla.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur borgarstjórn ákveðið með viðauka við samþykkt þessa að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum Reykjavíkurborgar fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum og getur í 1. mgr. er borgarstjórn heimilt að fela öðrum aðilum innan stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar fullnaðarafgreiðslu mála. Borgarstjórn, borgarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. 2. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, sbr. 1. mgr., getur ávallt óskað eftir því að borgarstjórn, borgarráð eða viðkomandi nefnd, skv. samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, taki ákvörðun í máli.

Þegar borgarstjórn neytir heimildar skv. 1. eða 2. mgr. skal jafnframt kveðið á um það hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.

60. gr.

Endurupptaka.

Að uppgefnum skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um endurupptöku á aðili máls rétt á því að mál hans verði tekið fyrir á ný. Beiðni um endurupptöku skal beint til borgarráðs.

61. gr.

Fundargerðir.

Nefndir, ráð og stjórnir borgarstjórnar skulu halda gerðabækur. Ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða borgarstjórnar, sbr. 15. gr. samþykktar þessarar.

62. gr.

Staðfesting borgarráðs.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar borgarráðs og/eða borgarstjórnar ber að taka þær fyrir sem sérstakan dagskrárlíð. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir borgarráð, sbr. ákvæði 65. gr. samþykktar þessarar.

63. gr.

Kosning í ráð.

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. Til eins árs:

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og sjö til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Sjö menn í mannréttinda- [nýsköpunar-](#) og lýðræðisráð og sjö til vara. Formannskjör.
2. Sjö menn í menningar-, íþróttá- og tómstundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
3. Sjö menn í skipulags- og samgönguráð og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö menn í skóla- og frístundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö menn í umhverfis- og heilbrigðisráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö menn í velferðaráð og sjö til vara. Formannskjör.

Aðalmenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðalmanna í borgarstjórn og fyrstu varamanna hvers framboðslista. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn.

64. gr.

Kosning annarra nefnda.

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 63. gr. kýs hún [fulltrúa í](#) eftirtaldar nefndir, [ráð eða stjórnir](#) eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. Til eins árs:

1. Fimm [fulltrúa](#) í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm [fulltrúa](#) í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fimm til vara. Formannskjör.

B. Til fjögurra ára:

1. Einn [fulltrúa](#) í almannavarnanefnd og tvo til vara.
2. Fimm [fulltrúa](#) í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
3. Þrjú [fulltrúa](#) í endurskoðunarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
4. [Þrjú fulltrúa](#) í [ferlinefnd](#)-[aðgengis-](#) og [samráðsnefnd í málefnum](#) fatlaðs fólks og [þrjú](#) til vara. Formannskjör.
5. Tvo [fulltrúa](#) í fjölmenningsráð og tvo til vara. Formannskjör.
6. [Þrjú fulltrúa](#) í hvert [hverfisráð](#)-[íbúaráð](#) og [þrjú](#)-[fimm](#) til vara. Formannskjör.
7. [Fimm](#)-[þrjú fulltrúa](#) í innkaupa- og framkvæmdaráð og [þrjú](#)-[fimm](#) til vara. Formannskjör.
8. Þrjú [fulltrúa](#) í ofbeldisvarnarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
9. Þrjú [fulltrúa](#) í stjórn Brúar lífeyrissjóðs og þrjú til vara.
10. Tvo [fulltrúa](#) í öldungaráð og tvo til vara. Formannskjör.

Aðal[fulltrúar](#) í nefndum sem taldar eru upp í 4., 5., 7., 8., og 10. tölul. B-liðar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn. [Tveir af þremur fulltrúum í íbúaráðum skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn.](#)

C. Kjörstjórnir:

Borgarstjórn kýs fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum viðkomandi kosningalaga.

D. Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:

Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum.

65. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir [borgarráðs, fagráða Reykjavíkurborgar skv. B-lið 63. gr. og forsætisnefndar nefnda, ráða og stjórna](#) skulu lagðar fyrir borgarráð og borgarstjórn til kynningar.

[Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir borgarráð til kynningar samkvæmt sérstökum samþykktum eða eftir því sem við á.](#)

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar borgarráðs eða borgarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreiddar með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir borgarstjórn eða borgarráð eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt þessari.

66. gr.

Varamenn.

[Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.](#)

[Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.](#)

[Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.](#)

[Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.](#)

Um varamenn og boðun þeirra á nefndarfundum gilda [að öðru leyti](#) ákvæði 32. og 38. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Ákvæði [þessa kafla](#) samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

67. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins sem ekki eru aðal- eða varamenn í borgarstjórn er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við borgarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Borgarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan borgarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra

forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur borgarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Borgarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að $\frac{2}{3}$ fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan borgarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

68. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í fastanefnd sem hefur fullnaðarákvörðunarvald í málum, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndar með málfrelsi og tillögurétt. Þessi heimild gildir ekki um fulltrúa í barnaverndarnefnd.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

69. gr.

Þóknun.

Borgarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Reykjavíkurborgar hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati borgarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Borgarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Reykjavíkurborgar.

70. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum Reykjavíkurborgar eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

71. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem Reykjavíkurborg á aðild að.

Borgarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem Reykjavíkurborg á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila sem borgarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr. fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem Reykjavíkurborg væri ekki sjálfri heimilt að sinna, þá er fulltrúi Reykjavíkurborgar í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum borgarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

VII. KAFLI

Borgarstjóri og aðrir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

72. gr.

Ráðning borgarstjóra.

Borgarstjórn ræður eða kýs borgarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana borgarstjórnar og verkefni Reykjavíkurborgar. Borgarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við borgarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími borgarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil borgarstjórnar.

73. gr.

Hlutverk borgarstjóra.

Borgarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hann skal sjá um að stjórnarsýsla Reykjavíkurborgar samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Borgarstjóri skal sitja fundi borgarstjórnar og borgarráðs. Þar hefur hann óbundið málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn borgarfulltrúi/borgarráðsmaður. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem Reykjavíkurborg skipar.

Borgarstjóri skal sjá um að fundir borgarstjórnar, borgarráðs og annarra nefnda borgarinnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu borgarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda hafi borgarstjórn ekki falið það öðrum.

Borgarstjóri er prókúruhafi Reykjavíkurborgar. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni borgarinnar prókúru að fengnu samþykki borgarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Borgarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna borgarinnar, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki borgarstjórnar þarf til.

Formaður borgarráðs er staðgengill borgarstjóra. Í fjarveru formanns borgarráðs er borgarritari staðgengill borgarstjóra. Í fjarveru formanns borgarráðs og borgarritara er borgarlögmaður staðgengill borgarstjóra.

74. gr.

Ráðning starfsmanna í æðstu stjórnunarstöður.

Borgarráð ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg og veitir þeim lausn frá störfum.

[Um ráðningu annarra starfsmanna annast stjórnendur á hverri starfseiningu fyrir sig og næstráðendur þeirra í samræmi við ákvæði laga og samþykktu Reykjavíkurborgar.](#)

75. gr.

Auglýsing starfa.

Lausar stöður skulu auglýstar til umsóknar í samræmi við reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.

76. gr.

Réttindi og skyldur.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna eftir því sem við á.

77. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Reykjavíkurborgar og aðrir sem borgin ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara

samkvæmt lögum, fyrirmælum yfir ~~mannabæðara~~ eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

VIII. KAFLI
Fjármál Reykjavíkurborgar.
78. gr.

Fjárstjórnarvald borgarstjórnar.

Einvörðungu borgarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fimm ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,
7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

79. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlana.

Borgarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu fjögur ár þar á eftir. Borgarstjóri ber ábyrgð á undirbúningi og gerð frumvarps að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í samræmi við 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga og leggur fram í borgarráði. Borgarráð leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun fyrir borgarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Borgarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu borgarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri Reykjavíkurborgar, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir borgarinnar. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu borgarsjóðs og stofnana borgarinnar við upphaf áætlunartímabilsins.

Borgarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

80. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem borgarstjórn tekur skv. 78. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu Reykjavíkurborgar. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu borgarinnar á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema borgarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum ~~—eða~~ skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að borgarstjórn hafi áður samþykkt viðauka enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar borgarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi borgarstjórnar.

81. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu Reykjavíkurborgar.

Borgarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að Reykjavíkurborg muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

82. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Borgarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna Reykjavíkurborgar og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggt verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en borgarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum Reykjavíkurborgar yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag borgarinnar, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Reykjavíkurborgar til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

83. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir [sveitarsjóðborgarsjóð](#), stofnanir Reykjavíkurborgar og fyrirtæki hennar. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir Reykjavíkurborg, þ.e. borgarsjóð, stofnanir hennar og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningskilavenju.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar skal fullgerður og samþykktur af borgarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í borgarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Borgarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning Reykjavíkurborgar ásamt skýrslu endurskoðanda skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands eigi síðar en 20. maí ár hvert.

84. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga með þeim hætti sem kveðið er á um í samþykkt þessari, samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Borgarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum sem og fyrimælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samráð við íbúa – þátttökulýðræði.

85. gr.

Borgarafundur, íbúáþing, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúáþing og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ef frá er talið lágmark þeirra sem kosningarétt eiga í sveitarfélaginu og óska almennrar atkvæðagreiðslu, sbr. 86. gr.

86. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 20% þeirra sem kosningarétt eiga í Reykjavík óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal borgarstjórn verða við því innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk borgarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

~~Gildistöku 1. mgr. er þó frestað þar til borgarstjórn hefur sett reglur um framkvæmd slíkra atkvæðagreiðslna á grundvelli reglugerðar innanríkisráðuneytisins um málsmeðferð varðandi undirskriftasöfnun vegna óska um almenna atkvæðagreiðslu skv. 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.~~

87. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem Borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 12/2007 með síðari breytingum.

Breyting nr. 1012/2014 – útgáfudagur í B-deild 18. nóvember 2014
Breyting nr. 592/2015 – útgáfudagur í B-deild 6. júlí 2015
Breyting nr. 794/2016 – útgáfudagur í B-deild 22. september 2016
Breyting nr. 392/2018 – útgáfudagur í B-deild 20. apríl 2018
Breyting nr. 1058/2018 – útgáfudagur í B-deild 28. nóvember 2018
[Breyting nr. X/2019 – útgáfudagur í B-deild X 2019](#)

VIÐAUKI 1.1

Um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

1. gr.

Skipulags- og samgönguráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

a. Öll mál sem skulu hljóta afgreiðslu sveitarstjórnar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. 6. gr. laganna, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, svo sem afgreiðslu skipulagslýsinga, deiliskipulagsáætlana samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Undanskildar eru ákvarðanir um auglýsingu og afgreiðslu á svæðis-, aðal- og deili- og hverfisskipulagi en þær ákvarðanir eru ávallt háðar samþykki borgarráðs. Hið sama gildir um auglýsingu og afgreiðslu á tillögum að breytingum á slíkum áætlunum.

b. Akvörðun um afgreiðslu á deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, ef engar athugasemdir berast á auglýsingatíma.

c. Tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem þurfa staðfestingar eða samþykki hans sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Skipulags- og samgönguráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt liðum a.- c. til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur í fundargerð skipulags- og samgönguráðs, sbr. a.-c.-lið 1. gr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulags- og samgönguráðs taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu ráðsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 52. gr. skipulagslaga.

VIÐAUKI 2.1

Um embættisafgreiðslur skrifstofustjóra borgarstjórnar.

1. gr.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og upp eru talin í þessari grein samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

a. Skrifstofustjóri borgarstjórnar gefur sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu umsagnir um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða skv. 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, enda sé umsögnin í samræmi við málsmeðferðarreglur borgarráðs um veitingastaði og gististaði. Með sama hætti gefur hann umsagnir um tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi skv. 17. og 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

b. Skrifstofustjóri borgarstjórnar afgreiðir erindi til borgarráðs og borgarstjórnar til umsagnar, kynningar eða meðferðar einstakra nefnda og ráða, embættismanna eða aðila utan Reykjavíkurborgar.

2. gr.

Afgreiðslur skrifstofustjóra skv. 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skrifstofustjóra borgarstjórnar skal skrifstofustjóri vísa málinu til afgreiðslu borgarráðs.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skrifstofustjóra skv. 1. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga.

VIÐAUKI 2.2

Um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar er heimilt að gefa út eftirfarandi starfsleyfi í stað heilbrigðisnefndar eftir því sem nánar er tilgreint í þessari grein samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

a. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem er talinn upp í fylgiskjali 2 í reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun nr. 785/1999, með síðari breytingum. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skulu þó áfram berast heilbrigðisnefnd og afgreiðast af henni.

b. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi til þeirra sem framleiða eða dreifa matvælum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti er varða matvæli, með síðari breytingum.

c. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja skv. 2. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

d. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út tóbakssöluleyfi skv. 11. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002.

2. gr.

Framkvæmdastjóri gefur ~~högreglustjóra skrifstofu borgarstjórnar~~ umsagnir um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða ~~skv. c.-lið, -12. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, -tækisfærileyfi og tímabundin áfengisleyfi,~~ í umboði heilbrigðisnefndar, samkvæmt heimild í 2. mgr. ~~598. gr. samþykktar þessarar og 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. ákvæði í a-lið 1. gr. viðauka 2.1. við samþykkt þessa. -Með sama hætti gefur hann umsagnir um tækisfærileyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi skv. 4. mgr. 17. gr. og 5. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.~~

3. gr.

Framkvæmdastjóri getur ávallt vísað málum skv. 1. ~~og 2.~~ gr. til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu framkvæmdastjóra skal framkvæmdastjóri vísa málinu til afgreiðslu heilbrigðisnefndar.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur framkvæmdastjóra skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar.

5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu framkvæmdastjóra skv. 1. eða 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til þess að óska

endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal heilbrigðisnefnd taka málið upp að nýju. Komi upp ágreiningur milli borgarráðs og heilbrigðisnefndar um endurupptöku máls skv. 1. gr. skal með hann farið í samræmi við ákvæði 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta máli skv. 1. gr. til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

VIÐAUKI 2.3

Um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.

1. gr.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs, þau mál sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir skipulagslög nr. 123/2010, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni sveitarstjórna í lögnum, samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

2. gr.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða eftirtalin mál á afgreiðslufundi sínum, sbr. 1. gr.:

a. Skipulagsfulltrúa er heimilt að ákveða að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ef minniháttar athugasemdir berast á athugasemdartíma við grenndarkynningu er skipulagsfulltrúa heimilt að afgreiða slík mál án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Minniháttar athugasemdir skal meta með hliðsjón af skuggavarp, innsýn eða byggðamynstri og mögulegri skerðingu á hagsmunum nágretta.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að fresta afgreiðslu erinda þegar liggur fyrir ákvörðun Reykjavíkurborgar um að hefja vinnslu deiliskipulags- eða hverfissskipulags fyrir viðkomandi svæði. Ekki er heimilt að fresta erindi í lengri tíma en í 12 mánuði frá því að umsókn berst nema skipulagsfulltrúi telji málefnalegar ástæður vera fyrir hendi til að veita lengri frest.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða mál skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga þ.e. að víkja frá kröfum 2. mgr. 43. gr. laganna um breytingu á deiliskipulagi og grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn þegar kemur að útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga hafi engar eða minniháttar athugasemdir hafi borist á athugasemdartíma.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að senda Skipulagsstofnun samþykta deiliskipulagsbreytingu sem auglýst hefur verið og engar eða minniháttar athugasemdir borist við og birta auglýsingu um samþykkt hennar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42. gr. skipulagslaga nema skipulags- og samgönguráð eða borgarráð ákveði annað.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða tillögu um deiliskipulag ef fallist er á allar athugasemdir Skipulagsstofnunar um form deiliskipulagstillögunnar skv. 5. ml. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúi er heimilt að framlengja frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.

b. Skipulagsfulltrúi afgreiðir mál sem varða meðferð og útgáfu framkvæmdaleyfa. Skipulagsfulltrúa er heimilt að leita eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga og ef framkvæmdin fellur undir C-flokk framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsfulltrúa er heimilt að samþykkja og gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við skipulag.

c. Skipulagsfulltrúi getur, með þriggja mánaða fyrirvara, lagt á dagsektir á framkvæmdaleyfishafa hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár. Skipulagsfulltrúa er heimilt að beita dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólöglegt.

d. Skipulagsfulltrúa er heimilt að stöðva framkvæmd sé hún hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brjóti í bága við skipulag, það hafi fallið úr gildi eða framkvæmd sé í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd sé fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaraðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað.

e. Skipulagsfulltrúa er heimilt að framsenda, vísa frá eða synja erindum sem beint er til skipulags- og samgönguráðs og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skipulags- og samgönguráðs.

4. gr.

Skipulagsfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs.

5. gr.

Um afgreiðslu skipulagsfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykktar borgarstjórnar er til þeirra taka.

6. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa skv. 2. gr., skal fara með málið samkvæmt V. kafla stjórnsýslulaga. Óski aðili eftir endurupptöku máls skal honum leiðbeint um heimild til að óska eftir því hjá borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulags- og samgönguráð taka málið upp að nýju.

Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan mánaðar frá birtingu deiliskipulags í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

VIÐAUKI 2.4

Um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál er falla undir mannvirkjalög nr. 160/2010 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

2. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru nafngiftir á götum, vegum og torgum.

3. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmála og öðrum samþykktum Reykjavíkurborgar um byggingarmál. Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og samgönguráðs og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu borgarstjórnar með sama hætti og samþykktir skv. 2. kafla mannvirkjalaga nr. 160/2010.

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál, sbr. lög nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Skal aðilum leiðbeint með kærufrest þegar um kæránlega ákvörðun er að ræða.

VIÐAUKI 2.5

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

2. gr.

Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- Ráðningu skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, sbr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Ráðningu byggingarfulltrúa Reykjavíkur, sbr. 8. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skipulags- og samgönguráðs.

4. gr.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu skipulags- og samgönguráðs eða umhverfis- og heilbrigðisráðs.

5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 2.6

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 2. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

2. gr.

Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- Ráðning leikskólastjóra, sbr. 6. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

- b. Ráðning skólastjóra grunnskóla, sbr. 11. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.
- c. Veita leyfi til dagforeldra og hafa jafnframt lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi, þ.m.t. að svipta þá leyfi tímabundið, eins og kveðið er á um í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005, sbr. einnig 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.
- d. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.
- e. Ákveða staðsetningu starfseininga á vegum skóla- og frístundasviðs vegna tímabundinna breytinga til tólf mánaða að hámarki.

3. gr.

Afgreiðslur skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skóla- og frístundaráðs.

4. gr.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu skóla- og frístundaráðs.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal sviðsstjóri vísa málinu til afgreiðslu borgarráðs.

5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal taka málið upp að nýju.